



Bæjarstjórn Garðabæjar 19. (859)/2019

Boðað er til 19. (859). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 19. desember 2019 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 1912013F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/12 '19.
1909108 - Bréf Lögmanna á Suðurlandi varðandi sölu á landspildum úr landi Búðarflatar, dags. 05.09.19.

1912026 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi endurnýjun á þjónustusamningi við Fjölsmiðjuna, dags. 02.12.19.
2. 1912025F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/12 '19.
1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar nr. 10 og nr. 11.

1808367 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts vegna skjólveggja.

1811125 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholt.
3. 1912007F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 6/12 '19.
4. 1912016F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 12/12 '19.
5. 1912002F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 5/12 '19.
6. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 2/12 '19.
7. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 6/12 '19.
8. 1810071 - Aðgerðaráætlun gegn hávaða 2018-2023.
9. 1904109 - Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum.
10. 1904109 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2020.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
18. (858). fundur 2019

Fimmtudaginn 5. desember 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu við Garðatorg.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Almar Guðmundsson, Björg Fengler, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvínsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Jóna Sæmundsdóttir, fyrsti varaforseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Í upphafi fundar leitaði varaforseti eftir heimild fundarins til að taka á dagskrá sem dagskrárlið nr. 15 gjaldskrá heilbrigðiseftirlits og sem dagskrárlið nr. 16 gjaldskrá fyrir hundahald samkvæmt heimild til afbrigða við dagskrá í 2. mgr. 17. gr. samþykktar um stjórn Garðabæjar.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að taka ofangreind mál á dagskrá.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 21. nóvember 2019 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1911040F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/11 '19.

Ingvar Arnarson, ræddi 8. tl., bréf sóknarnefndar Garðasóknar um niðurfellingu fasteignagjalda og vék að reglum um styrktarsjóð Garðsóknar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 8. tl., bréf sóknarnefndar Garðasóknar um niðurfellingu fasteignagjalda og vék að reglum um styrktarsjóð Garðsóknar.

Ingvar Arnarson, ræddi 11. tl., bréf Hjallastefnunnar ehf. um niðurfellingu gatnagerðargjalda.

Gunnar Einarsson, ræddi 11. tl., bréf Hjallastefnunnar ehf. um niðurfellingu gatnagerðargjalda og svaraði fyrirspurn um málið.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir yfirlýsingu um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Fundargerðin sem er 17. tl., er samþykkt samhljóða.

2. 1911049F - Fundargerð bæjarráðs frá 3/12 '19.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., jafnlaunakerfi Garðabæjar, 4. tl., dóm Landsréttar í máli Garðabæjar gegn íslenska ríkinu um starfsemi Ísafoldar og 7. tl., tilkynningu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi kynningu á Loftlagssjóði.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., jafnlaunakerfi Garðabæjar, 4. tl., dóm Landsréttar í máli Garðabæjar gegn íslenska ríkinu um starfsemi Ísafoldar og 7. tl., tilkynningu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi kynningu á Loftlagssjóði.

Fundargerðin sem er 9. tl., er samþykkt samhljóða.

3. 1911025F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 20/11 '19.

Almar Guðmundsson, ræddi 6. tl., endurskoðun lýðræðisstefnu Garðabæjar.

Fundargerðin er lögð fram.

4. 1911028F - Fundargerð leikskólanefndar frá 20/11 '19.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., tilnefningu á áheyrnarfulltrúum í leikskólanefnd og lagði fram eftirfarandi fyrirspurn.

Hvernig hefur lýðræðisstefnan verið framkvæmd?

Hvenær var síðast haldið námskeið fyrir bæjarfulltrúa og nefndarmenn? Ekki síðan við vorum kjörinn fulltrúar amk.

Hvernig er staðið að þjálfun starfsmanna sem starfa með nefndum?

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., tilnefningu á áheyrnarfulltrúum í leikskólanefnd.

Ingvar Arnarsson, ræddi 2. tl., tilnefningu á áheyrnarfulltrúum í leikskólanefnd.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., tilnefningu á áheyrnarfulltrúum í leikskólanefnd.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 2. tl., tilnefningu á áheyrnarfulltrúum í leikskólanefnd.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 1911030F - Fundargerð ípróttá- og tómstundaráðs frá 19/11 '19.

Björg Fenger, ræddi 3. tl., ípróttahátíð Garðabæjar, 4. – 28. tl., afgreiðslu styrkja. Þá sagði Björg frá heimsókn ípróttá- og tómstundaráðs í ungmennahús í Hafnarfirði.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi hugmyndir um ungmennahús í Garðabæ.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 29. tl., endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar.

Gunnar Einarsson, ræddi 29. tl., endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi að nýju 29. tl., endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar.

Björg Fenger ræddi 29. tl., endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 29. tl., endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar.

Sara Dögg Svanhildardóttir ræddi 29. tl., endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 1911035F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 22/11 '19.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., tónlistarveislu í skammdeginu, 3. tl., styrkbeiðni kammerhópsins Camerartica vegna tónleika í Garðakirkju í desember 2019, 4. tl., endurnýjun samnings við Kvennakór Garðabæjar og 5. tl., menningarviðburði á aðventunni í Garðabæ.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, kvaddi sér hljóðs og fagnaði sérstaklega viðburðum á vegum nefndarinnar

Harpa Þorsteinsdóttir, kvaddi sér hljóðs og lýsti ánægju með fallegt jólatré á Garðatorgi og athöfn þegar kveikt var á trénu.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók undir ánægjuraddir varðandi viðburði á vegum nefndarinnar.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 1911016F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 14/11 '19.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., markmið í starfi frístundaheimila og 5. tl., kynningu ungmennaráðs.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., markmið í starfi frístundaheimila.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 1911005F - Fundargerð öldungaráðs frá 6/11 '19.

Almar Guðmundsson, ræddi 3. tl., aðgerðaráætlun samkvæmt stefnu í málefnum eldri borgara og 4. tl., styrkbeiðni vegna leikfimi eldri borgara.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 2/12 '19

Fundargerðin er lögð fram.

10. 1901316 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 22/11 '19.

Ingvar Arnarson, ræddi 3. tl., skýrslu Mannvirkjastofnunar um brunann í Miðhrauni.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 1901407 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 20/9, 11/10, 28/10 og 22/11 '19.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., fg frá 20/9 '19 fjárhags og rekstraráætlun 2020, 2. tl., fg frá 20/9 '19 farþegatalningar, 2. tl., fg frá 11/10 '19 stefnumótun Strætó, 3. tl., fg. frá 11/10 '19 fræðslu og starfsmannamál og 2. tl., fg. 28/10 '19 útboð á rafrænu greiðslukerfi

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., fg. 28/10 '19 útboð á rafrænu greiðslukerfi.

Björg Fenger ræddi að nýju 2. tl., fg. 28/10 '19 útboð á rafrænu greiðslukerfi og svaraði fyrirspurn.

Fundargerðin er lögð fram.

12. 1912029 - Tillaga Garðabæjarlistans um að bjóða út endurskoðun og gerð ársreiknings hjá Garðabæ.

Ingvar Arnarson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að bjóða út endurskoðun ársreikninga og stofnana bæjarins fyrir árin 2020 – 2023.“

Greinagerð.

Mikilvægt er að nýta kosti almennra útboða við vöru- og þjónustukaup þar sem því verður við komið. Í innkaupareglum Garðabæjar segir meðal annars að stuðla eigi að samkeppni á markaði varðandi sölu á þjónustu til Garðabæjar og að við innkaup sé beitt útboðum að eins miklu leyti og unnt er.

Gunnar Einarsson, ræddi framkomna tillögu og lagði til að henni verði vísað til bæjarráðs.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa framkominni tillögu til bæjarráðs.

13. 1904109 - Tillaga um álagningu fasteignagjalda árið 2020.

Lögð fram eftirfarandi tillaga um álagningu fasteignagjalda.

„Fasteignaskattur skal vera 0,185% af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum, erfðafestulanda og jarðeigna, sbr. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Fasteignaskattur skal vera 1,59% af öðrum fasteignum, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. c-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Leigugjald á íbúðarhúsalóðum Garðabæjar skal vera 0,4% af fasteignamati lóðar og er þá ekki nýtt að fullu heimild bæjarins sem er 1,0% samkvæmt niðurstöðu í matsgerð dómkvaddra manna.

Leigugjald á atvinnuhúsalóðum Garðabæjar skal vera 1,0% af fasteignamati lóðar, samkvæmt niðurstöðu í matsgerð dómkvaddra manna.

Vatnsgjald skal vera 0,095% af fasteignamati húsa ásamt lóðarréttindum, sbr. heimild í reglugerð um vatnsveitur.

Aukavatnsskattur skal á árinu 2020 vera 23,4 kr/tonn m.v. BVT í des 2019.

Á Álftanesi skal vatnsgjald vera samkvæmt gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur sem innheimtir vatnsgjald samkvæmt samningi.

Holræsa- og rotþróargjöld skulu vera 0,10% af fasteignamati húsa ásamt lóðarréttindum, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005.

Á Álftanesi skal rotþróargjald vera kr. 30.400.

Sorphirðugjald skal vera kr. 31.000 á hverja íbúð [sjá gjaldskrá].

Taðþróargjöld í hesthúsahverfi Andvara skulu vera kr. 310.700 á hvert hús. [sjá gjaldskrá].

Fasteignaskattur og holræsagjald sem tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða skal lækka að teknu tilliti til viðmiðunartekna. Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarráði að ákvarða viðmiðunartekjur samkvæmt reglum um lækkun fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega.

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2020 verða 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september og 15. október.“

Tillagan samþykkt með átta atkvæðum (JS,ÁHJ,SHJ,GVG,AG,BF,GE,GS) þrjú sitja hjá (SDS,IA,HÞ).

14. 1904109 - Gjaldskrá sorphirðugjalda árið 2020.

Ingvar Arnarson, tók til máls og lagði til að sorphirðugjald árið 2020 hækki einungis um 2,5% í samræmi við tilmæli í tengslum við lífskjarasamninga

Gunnar Einarsson, tók til máls.

Tillaga um 2,5% hækkun sorphirðugjalda felld með átta atkvæðum (JS,ÁHJ,SHJ,GVG,AG,BF,GE,GS) gegn þremur atkvæðum (SDS,IA,HÞ).

Bæjarstjórn samþykkir með átta atkvæðum (JS,ÁHJ,SHJ,GVG,AG,BF,GE,GS) gegn þremur atkvæðum (SDS,IA,HÞ) nýja gjaldskrá fyrir sorphirðugjöld árið 2020 þar sem gert er ráð fyrir að sorphirðugjald árið 2020 verði kr. 31.000.

15. 1910078 - Gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins árið 2020.

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins árið 2020.

16. 1910078 - Gjaldskrá hundahalds árið 2020.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá hundahalds árið 2020.

17. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023)- síðari umræða.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri fjallaði um frumvarp að fjárhagsáætlun og gerði grein fyrir eftirfarandi tillögum um breytingar við frumvarp að fjárhagsáætlun.

Þróunarsjóðir leik- og grunnskóla	4.000.000
Hjólaverkefni	3.000.000
Félagspjónusta (frekari liðveista)	50.000.000
Aukin fjárveiting til viðhalds	50.000.000
Vefsíðugerð skólar	5.000.000
Vegna tónlistarnáms	8.000.000
Vallarsamningur á Álftanesi (leiðrétting)	2.050.000
Námskeið um kvíða	1.500.000
Skíðasvæði höfuðborgarsvæðis (leiðrétting)	526.000
Samtals útgjaldaauki	124.076.000
Breyting vegna hagræðingar	-37.592.826
Lífeyrisskuldbinding	-40.000.000
Millifærslur frá Samveitum (tekjur)	-54.000.000
Jöfnunarsjóðs – hækkun nýbúaframlags	-5.300.000
Hækkun sorpgjalds um 3.000 kr.	-18.000.000
Lækkun fasteignaskatts á íbúðahúsnæði 0,185%	20.000.000
Lækkun fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði 0,159%	20.000.000
Samveitur (B-hluti)	54.000.000
Samtals útgjaldaauki (A og B hluti)	63.183.174
Rekstrarafgangur eftir breytingar	503.055.325
Framkvæmdayfirlit	
Minjagarður (Hofsstaðir-Garðatorg)	50.000.000
Sjóðsstreymisyfirlit	
Lántaka (hækkun)	50.000.000

Ingvar Arnarson, tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Nú liggur fyrir okkur tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 og nauðsynlegt fyrir okkur í Garðabæjarlistanum að rýna hana og finna hvort hún samræmist okkar áherslum. Eftir að hafa farið vandlega yfir fjárhagsáætlunina eru nokkrir punktar sem ég vil gjarnan koma frá mér. Ég hef verið tilbúinn að skoða allar góðar hugmyndir sem tengjast skattalækkunum á íbúa. Að mínu mati er sú skattalækkun sem hér er kynnt í raun tilfærsla á skatti, þ.e.a.s. að þeir sem eiga stærri eignir munu borga minna á meðan að þeir sem eiga minni eignir standa í stað eða borga jafnvel meira. Það að lækka fasteignaskatt á íbúðarhúsnæði í heild um 20 milljónir en hækka sorphirðugjald um 18 milljónir er í raun engin skattalækkun á íbúðarhúsnæði heldur einungis tilfærsla skattinnheimtu með því að skipta út prósentulækkun fyrir krónutöluhækkun. Einnig stendur til að lækka skatta í atvinnuhúsnæði og er það í raun lækkun á skatttekjum þar sem að það á ekki að hækka nein gjöld á móti á þessar eignir. Þessar hugmyndir hugnast mér ekki því í raun er einungis verið að lækka skatta á fyrirtæki og þá íbúa sem eiga stærstu eignirnar og á meðan eru aðrir íbúar látnir borga þær skattalækkanir, þannig horfir þetta við mér. Það er mikilvægt að hafa í huga að Garðabær hefur verið að auka lántökur til muna síðustu ár og er að leggja í stórar framkvæmdir. Að mínu mati er mikil óvissa fólgin í því að gera ráð fyrir einum milljarði í tekjur fyrir lóðasölu á næsta ári og alls óvíst hvernig það á eftir að ganga að koma lóðum sem bærinn á í verð. Hvað ætlum við að gera ef þessar lóðir seljast ekki á þessu verði eða seljast ekki? Nú hafa margar góðar tillögur komið fram bæði frá meiri- og minnihluta. Nánast eingöngu fá tillögur meirihluta fjármagn og finnst mér það miður þar sem að margar af tillögum Garðabæjarlistans hafa fengið góðan hljómgrunn innan bæjarstjórnar og meðal íbúa og hafa oft rímað vel við hugmyndir meirihlutans. Það hefur því verið sorglegt að horfa á eftir góðum tillögum, frá Garðabæjarlistanum, ofan í svarthol tillagna. Í svartholinu veljast þær um í kerfinu og virðast svo hverfa. Að þessu sögðu sé ég því miður ekki fram á að geta lagt nafn mitt við þessa fjárhagsáætlun. Ég mun því sitja hjá við afgreiðslu hennar.“

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 blasa fyrst og fremst við þrengingar. Verulega minni afgangur blasir við okkur þegar við horfum á A sjóð sveitarfélagsins. Og öll teikn á lofti um verri rekstur. Af sem áður var.

Sveitarfélagið stækkar og því fylgir eðlilega aukin útgjöld vegna lögbundinnar þjónustu. Eldri borgurum fjölgar mjög og er fjölmennur hópur fyrir. Öll félagsleg þjónusta fer vaxandi. Húsnæði, bæði leik- og grunnskóla, eru komin á tíma fyrir fjárfrekt viðhald og svona mætti áfram telja um þá þjónustu sem er lögbundin og enga undanþágu er að hafa á að standa undir.

Það er miður að sjá að þrátt fyrir þá þröngu stöðu sem sveitarfélagið er í raun komið í að þá skuli pólitík meirihlutans vera að fara gegn almannahagsmunum með skattalækkun sem reynist þeim efnameiri góður fengur en leggur auknar skattbyrðar á þá efnaminni. Gjaldskrá sorpgjalds er hækkuð langt umfram þann sáttmála sem lífsskjarasamningur kveður á um eða um 10%. Þannig er lækkun á innkomu fasteignatekna mætt, með því að leggja frekari álögur á tekjulægri íbúa Garðarbæjar á meðan þeim tekjuhærri er rétt skattalækkun. Ásamt því að skrapað verður saman í formi hagræðingar á öllum sviðum til að mæta skattlækkun fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði. Nægir þar að nefna fræðsluvið sem gert er að hagræða um tæpar 15 milljónir króna. Í málaflokki sem einmitt ætti að standa vörð um í stað þess að láta sæta niðurskurði.

Allt í boði Sjálfstæðisflokksins.

Ekki er að finna sérstaklega styðjandi aðgerðir í þágu barnafjölskyldna í fjárhagsáætlun að þessu sinni. Ekkert er um systkinaafslátt í íþróttastarfi sem er marg framlögð tillaga okkar í Garðabæjarlistanum sem og eitt af 100 loforðum Sjálfstæðisflokksins sem nær enn ekki í gegn. Vonir stóðu um útfærslur á systkinaafslætti af leikskólagjöldum sem og hugmynd um að færast nær tillögu okkar í Garðabæjarlistanum um hækkun hvatapeninga þar sem meirihlutinn lagði fram ágætis útfærslu sem fyrsta skref í þá átt með því að tekjutengja hækkun á hvatapeningum. Þessar tillögur líta ekki dagsins ljós í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.“

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Almar Guðmundsson, tók til máls.

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls.

Guðfinnur Sigurvinnsson, tók til máls.

Björg Fenger, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls.

Ingvar Arnarson, tók til máls.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók til máls. Áslaug Hulda þakkaði starfmönnum bæjarins fyrir þeirra hlut við undirbúning að gerð fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um breytingar á frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Bæjarstjórn samþykkir framkvæmdayfirlit fjárhagsáætlunar með átta atkvæðum (JS,ÁHJ,SHJ,GVG,AG,BF,GE,GS) Þrjú sitja hjá (SDS,IA,HÞ).

Bæjarstjórn samþykkir frumvarp að fjárhagsáætlun með framkomnum breytingartillögum sem fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2020-2023 með átta atkvæðum (JS,ÁHJ,SHJ,GVG,AG,BF,GE,GS) Þrjú sitja hjá (SDS,IA,HÞ).

Niðurstöður rekstrarreiknings fyrir A og B hluta samkvæmt fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2020-2023 eru:

	2020	2021	2022	2023
Tekjur:	17.362.144	17.658.144	17.976.144	18.329.144
Gjöld:	<u>16.015.068</u>	<u>16.369.093</u>	<u>16.748.787</u>	<u>17.129.802</u>
Niðurstaða án fjármagnsliða:	1.347.076	1.289.051	1.227.357	1.199.342
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(844.020)	(690.070)	(640.288)	(637.108)
Rekstrarniðurstaða	503.056	598.981	587.069	562.234

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 5. desember 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
47. (1908). fundur 2019

Þriðjudaginn 10. desember 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bærjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1909199 - Dýjagata 9 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Birgi Sigurðssyni, kt. 040190-2529, leyfi fyrir framkvæmdum við stoðvegg á lóðinni að Dýjagötu 9.

2. 1908366 - Holtsbúð 37 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gunnari Má Hreinssyni, kt. 081269-5999, leyfi fyrir niðurrifi á bílskúr og viðbyggingu við núverandi hús að Holtsbúð 37.

3. 1810317 - Víkurgata 10 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita M-Verki ehf., kt. 440113-1840 leyfi fyrir niðurgrafinni geymslu og stækkun einbýlishúss í byggingu að Víkurgötu 10.

4. 1912064 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999 (öldungaráð), 383. mál., dags. 04.12.19.

Lagt fram.

5. 1912056 - Tilkynning Kópavogs um skipulagslýsingu varðandi tillögu um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og breytingu á deiliskipulagi fyrir Fannborgarreit og Traðarreit, dags. 03.12.19.

Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

6. 1912068 - Bréf Stjórnunnar varðandi leyfi fyrir áramótabrennu, dags. 04.12.19.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindi UMF-Stjórnunnar um að annast áramótabrennu og vísar því til afgreiðslu bærjarstjóra.

7. 1912067 - Bréf Stjórnunnar varðandi leyfi til að halda Þorrablót 2020, dags. 04.12.19.

Í bréfinu er farið fram á leyfi til að halda þorrablót Stjórnunnar í íþróttamiðstöðinni Mýrinni á bóndadag 24. janúar 2020. Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu bærjarstjóra.

8. 1702065 - Dómur Landsréttar í máli Garðabæjar gegn íslenska ríkinu um starfsemi Ísafoldar, dags. 22.11.19.

Bæjarráð samþykkir að fela lögmanni bæjarins að leita eftir heimild Hæstaréttar Íslands til að afrýja dómi Landsréttar.

9. **1912077 - Tilkyning úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi kærnu á synjun umsóknar um byggingarleyfi vegna viðbyggingar að Reynilundi 11, dags. 05.12.19.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.
10. **1912060 - Bréf Löggarðs ehf., varðandi losun jarðefna ofl. á land jarðarinnar Dysjar í Garðabæ, dags. 04.12.19.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfitara.
11. **1909108 - Bréf Lögmannna á Suðurlandi varðandi sölu á landspildum úr landi Búðarflatar, dags. 05.09.19.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tilboð um kaup á tveimur landskikum jarðarinnar Búðarflöt á Álftanesi á kr. 5.017.000.
12. **1912026 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi endurnýjun á þjónustusamningi við Fjölsmiðjuna, dags. 02.12.19.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja fyrir sitt leyti endurnýjun þjónustusamnings við Fjölsmiðjuna til þriggja ára.
13. **1912029 - Tillaga um að bjóða út endurskoðun og gerð ársreiknings hjá Garðabæ.**
Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að undirbúa gerð lýsingar vegna útboðs á endurskoðun og gerð ársreiknings Garðabæjar.
14. **1912075 - Kauptilboð í byggingarrétt lóðar fyrir atvinnuhúsnæði að Garðahrauni 1.**
Við opnun tilboða í byggingarrétt lóðar fyrir atvinnuhúsnæði að Garðahrauni lá fyrir eitt tilboð.
Reginn hf., kt. 630109-1080 kr. 276.000.000.
Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ræða við fulltrúa tilboðsgjafa.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 10. desember 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bærjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
48. (1909). fundur 2019

Þriðjudaginn 17. desember 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Almar Guðmundsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar nr. 10 og nr. 11.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs við afgreiðslu mála samkvæmt dagskrárlíðum 1 -2. Fjármálastjóri gerði grein fyrir viðauka nr. 10, nr. 11.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 10 og nr. 11 við fjárhagsáætlun 2019 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki nr. 10.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 var gert ráð fyrir að mæta launahækkunum vegna kjarasamninga með varasjóði. Í tengslum við gerð væntanlegra kjarasamninga við opinbera starfsmenn hefur nú verið gengið frá samkomulagi um eingreiðslur sem eiga að mæta þeim tölum sem orðið hafa á kjarasamningsgerð.

Eingreiðslur - hækkun hjá stofnunum Garðabæjar	83.351.000	ýmsir lykjar
Hjalli grunnskóli	1.719.000	04263-4364
Alþjóðaskólinn	1.824.000	04264-4364
Leikskóladeild Hjalla	630.000	04163-4364
Leikskólinn Ásar	3.019.000	04161-4364
Leikskólinn Hnoðraholt	3.268.000	04168-4364
Litlu Ásar	2.047.000	04165-4364
Leikskólinn Sjáland	4.094.000	04116-4364
Samtals	99.952.000	

Samþykkt bæjarráðs á töxtum vegna NPA samninga
NPA samningar - taxtahækkanir 4.600.000 02530-4993

Vegna fjölgunar nemenda var bætt við starfsmönnum á eftirfarandi stofnunum umfram það sem fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir til að mæta fjölgun nemenda

Sjálandsskóli	17.000.000	04214-
Urriðaholtsskóli grunnskóladeild	10.000.000	04216-
Urriðaholtsskóli leikskóladeild	14.000.000	04121-
Samtals	41.000.000	

Alls aukin launaútgjöld 145.552.000
Kostnaðarauka mætt með lækkun á varasjóði 145.552.000 31916-7179

Viðauki 11.

Samkvæmt samþykkt bæjarráðs frá 10. desember sl. þarf að gera viðauka vegna landakaupa.

Kaup á landspildum Búðarflatar 5.017.000 eignfært

Kostnaðarauka mætt með lækkun á varasjóði	-3.203.500	31916-7179
Kostnaðarauka mætt með hækkun á lóðarleigu	-1.813.500	00350-0310

2. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - lántaka.

Fjármálastjóri kynnti tillögu um samþykkt á lántöku á árinu 2020 hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 1.800.000 þkr. samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Bæjarráð samþykkir að vísa málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

3. 1910446 - Urriðaholtsstræti 44-74 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vistbyggð ehf., kt. 590908-0880 leyfi til að byggja 16 raðhús að Urriðaholtsstæti 44-74.

4. 1706139 - Haukanes 24 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Rasmus Röjkjær, kt. 210466-2829 leyfi til að rífa núverandi hús og byggja nýtt einbýlishús á lóðinni að Haukanesi 24.

5. 1911159 – Hafnarfjarðarvegur – bensínstöð - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Olíuverzlun Íslands ehf., kt. 500269-3249, leyfi til að reisa kalda geymslu við norðurhlíð bensínstöðvarhúss við Hafnarfjarðarveg.

6. 1906196 - Holtsvegur 57 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Mannvirki ehf., kt. 431014-1060 leyfi til að byggja fjölbýlishús með 17 íbúðum að Holtsvegi 57.

7. 1808367 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts vegna skjólveggja.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 43. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts, 1., 2. og 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts og 1. áfanga austurhluta Urriðaholts, er varðar skjólveggi, stoðveggi, girðingar og dvalarsvæði á lóðum.

8. 1811125 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholt.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samhlíða samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 43. gr. sömu laga breytingu á deiliskipulagi Viðskiptastrætis þar sem gert er ráð fyrir að skipulag verði fellt úr gildi og breytingu á 3. áfanga norðurhluta og austurhluta Urriðaholts vegna nýrrar afmörkunar deiliskipulagssvæða.

9. 1911221 - Bréf Jóns Ragnars Daðasonar varðandi lækkun fasteignagjalda, dags. 13.11.19.

Bæjarráð samþykkir með vísan til heimildar í 5. mgr. 19. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 að fella niður álagðan fasteignaskatt árið 2019 að fjárhæð kr. 113.620.

10. 1912117 - Bréf Aflsins um styrk árið 2020, dags. 06.12.19.

Bæjarráð vísar erindinu til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

11. 1911188 - Auglýsing mennta- og menningarmálaráðherra um starfsemi frístundaheimila.

Bæjarráð samþykkir að tómstundaheimili grunnskóla Garðabæjar fái heitið frístundaheimili í samræmi ákvæði 33. gr. a í lögum um grunnskóla þar sem mælt er fyrir um að öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skuli gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila.

12. 1910077 - Svar við fyrirspurn um málefni Tónlistarskóla Garðabæjar.

Lagt fram.

Sara Dögg Svanhildardóttir, lagði fram eftirfarandi bókun.

Fyrir hönd Garðabæjarlistans ítreka ég efni tillögu Garðabæjarlistans sem lögð var fram 6. júní 2019 um framsettan tímaramma á svörum við fyrirspurnum. Í þágu gagnsæis og lýðræðislegra vinnubragða.

13. 1912161 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um niðurgreidda leigubílaakstursþjónustu eldri borgara.

Félagsmálastjóri gerði grein fyrir að akstursþjónusta eldri borgara væri ekki lögbundinni þjónusta en hún standi eldri borgurum í Garðabæ, sem hafa ekki eigið ökutæki og geta ekki notað almenningsvagna, til boða í þeim tilgangi að fara til lækna, sjúkraþjálfun o.fl. Félagsmálastjóri sagði frá vinnu við setningu reglna um akstursþjónustu eldri borgara sem fljótlega verða lagðar til umsagnar hjá öldungaráði og fjölskylduráði.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara fyrirspurninni.

14. 1912155 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tímabundið áfengisleyfi á þorrablóti á Álftanesi.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

15. 1912119 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi fyrir áramótabrennu við Arnarnesvog.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

16. 1912134 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi fyrir áramótabrennu við Gesthús.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

17. 1912110 - Bréf Alþingis varðandi Tillögur til þingsályktunar um samgönguáætlanir, 434. mál og 435. mál., dags. 09.12.19.

Lagt fram.

18. 1912112 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum(viðaukar). 436. mál., dags. 09.12.19.

Lagt fram.

19. 1810071 - Aðgerðaráætlun gegn hávaða 2018-2023.

Aðgerðaráætlun gegn hávaða var kynnt á vef Garðabæjar og lá frammi í þjónustuveri tímabilið 30. júlí til 27. ágúst 2019. Níu ábendingar bárust frá íbúum.

Bæjarráð vísar aðgerðaráætlun gegn hávaða 2018 -2023 til afgreiðslu bæjarstjórnar samkvæmt 8. gr. reglugerðar um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir nr. 1000/2005.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 17. desember 2019 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks
4. fundur 2019

Föstudaginn 6. desember 2019 kl. 09:00 kom samráðshópur um málefni fatlaðs fólks saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Elín Hoe Hinriksdóttir aðalmaður, Þorkell Jóhannsson aðalmaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir aðalmaður og Pála Marie Einarsdóttir Þroskaþjálfari.

Fundargerð ritaði: Bergljót Sigurbjörnsdóttir sviðstjóri fjölskyldusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1912054 - Kynning á Sjálfsbjörg

Tekið er fyrir mál nr. 1912054, kynning á Sjálfsbjörgu landssambandi hreyfihamlaðra. Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar kom á fund samráðshópsins og hélt fróðlega kynningu á starfi Sjálfsbjargar. Fundarmenn höfðu svo tækifæri til að koma með fyrirspurnir og voru umræður góðar. Bergi eru færðar þakkir fyrir kynninguna.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
17. fundur 2019

Fimmtudaginn 12. desember 2019 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1811064 - Umferðaröryggisáætlun

Elín Sveinbjörnsdóttir og Berglind Hallgrímsdóttir frá Verkfræðistofunni Eflu kynntu drög að umferðaröryggisáætlun Garðabæjar sem þær hafa unnið að. Skipulagsnefnd vísar drögunum til kynningar og umfjöllunar á almennum borgarafundi.

2. 1811125 - Urriðaholt Norðurhluti 4 - deiliskipulag

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir skipulagsfræðingur hjá Alta ehf gerði grein fyrir tillögu að deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 4 og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tillögunni í kjölfar forkynningar.

Lagt er til að deiliskipulag Viðskiptastrætis verði felld úr gildi og nær deiliskipulagstillagan til þess svæðis einnig.

Gert er ráð fyrir 182 íbúðareiningum við 3 botnlangagötur. Lagt er til að heiti gatnanna verði Vörðugata, Grímsgata og Lautargata. Innan deiliskipulagssvæðisins er einnig fjölbýlishúslóðin Urriðaholtsstræti 10-12 sem var hluti af deiliskipulagi Viðskiptastrætis en þar hefur verið gert ráð fyrir 36 íbúðareiningum og helst það óbreytt.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Tillaga kallar á breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts norðurhluta 3 og Urriðaholts austurhluta vegna afmörkunar deiliskiplagssvæða. Skipulagsnefnd vísar þeim breytingartillögu til auglýsingar og skulu þær auglýstar samhliða tillögu að deiliskipulagi Norðurhluta 4.

Við gildistöku deiliskipulags Norðurhluta 4 mun deiliskipulag Urriðaholts Viðskiptastrætis falla úr gildi.

3. 1808367 - Urriðaholt - skjólveggir

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir skipulagsfræðingur hjá Alta ehf gerði grein fyrir umræðum í samráðsteymi Urriðaholts ehf, deiliskipulagsráðgjafa og Garðabæjar um mótun ákvæða sem tekur betur á gerð skjólveggja á lóðum í Urriðaholti.

Tillaga að breytingum á ákvæðum deiliskipulagsáætlana um skjólveggi, stoðveggi,

girðingar og dvalarsvæði á lóð lagðar fram. Tillaga að deiliskipulagi Norðuhluta 4 gerir ráð fyrir ákvæðum sem eru í samræmi við framlagðar breytingartillögur. Skipulagsnefnd vísar breytingartillögunum til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 43. gr og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr 123/2010 sem breytingar á eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum: Urriðholt vesturhluti, Urriðaholt norðurhluti 1, Urriðaholt norðurhluti 2, Urriðaholt norðurhluti 3 og Urriðaholt austurhluti 1.

4. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes

Práinn Hauksson landslagsarkitekt hjá Landslagi ehf gerði grein fyrir tillögu að deiliskipulagi sem kallar á breytingu aðalskipulags. Lagðar fram ábendingar og umsagnir sem borist hafa við verkefnislýsingu sem hefur verið auglýst. Skipulagsstjóri gerir grein fyrir fundum sem haldnir hafa verið með landeigendum, fuglafræðingum og forsetaembættinu. Vísað til frekari úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði.

5. 1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag

Práinn Hauksson landslagsarkitekt hjá Landslagi ehf gerði grein fyrir tillögu að deiliskipulagi sem kallar á breytingu aðalskipulags. Lagðar fram ábendingar og umsagnir sem borist hafa við verkefnislýsingu sem hefur verið auglýst. Skipulagsstjóri gerir grein fyrir fundum sem haldnir hafa verið með landeigendum, fuglafræðingum og forsetaembættinu. Vísað til frekari úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði.

6. 1912107 - Hraunhólar 8, breyting á deiliskipulagi Hraunholts eystra

Lögð fram tillaga lóðarhafa Hraunhóla 8 sem gerir ráð fyrir skiptingu hennar í tvær einbýlishúsalóðir. Ekki eru lagðar til frekari breytingar á deiliskipulaginu sem er deiliskipulag Hraunholts eystra.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

7. 1907083 - Víkurgata 19 - Umsókn um byggingarleyfi

Vísað til skoðunar hjá tækni og umhverfissviði.

8. 1911109 - Hraungata 15, 17 og 19. Deiliskipulagsbreyting. Urriðaholt, austurhluti 1.

Vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar og Urriðaholts ehf.

9. 1706258 - Hraungata 8 (áður 10) - Umsókn um byggingarleyfi

Vísað til skoðunar hjá tækni og umhverfissviði.

10. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Lagt fram.

11. 1810071 - Hljóðvist

Lagt fram.

12. 1911082 - Drög að breytingum á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Lagt fram.

13. 1911365 - Verkefnis- og matslýsing Kerfisáætlunar 2020-2029

Lagt fram.

14. **1912056 - Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024. Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi. Fannborgarreitur og Traðarreitur vestur. Skipulagslýsing**
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd.

15. **1912017F - afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 12**

Lögð fram.

- 15.1 1912074 - Lindarflöt 44 - Airbnb - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Hvorki í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 né í deiliskipulagi Flata er gert ráð fyrir gististöðum í flokki II og því verður að leggja fram tillögu að deiliskipulagsbreytingu og jafnvel aðalskipulagsbreytingu til grundvallar starfsleyfi í íbúðarhverfinu á Flötum. Til þessa hefur ekki verið vilji hjá skipulagsyfirvöldum í Garðabæ að standa fyrir skipulagsbreytingum sem mynda grundvöll fyrir starfsleyfi fyrir gististaði í flokki II í íbúðarhverfum í Garðabæ. Svárið er því neikvætt.

- 15.2 1911159 - Hafnarfjarðarv. v. Olís - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum á bensinstöð Olís við Hafnarfjarðarveg þar sem er gert ráð fyrir rúmlega 10 m² viðbyggingu fyrir kalda geymslu við norðurhlið stöðvarhúss. Geymslan er hugsuð fyrir geymslu dryggkjarvöru o.þ.h. samkvæmt upplýsingum frá arkitekt.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu og litið er á stöðina sem víkjandi í framtíðaruppbyggingu Hafnarfjarðarvegar.

Skipulagsstjóri fellur niður grenndarkynningu í samræmi við 3.mgr.44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 þar sem að sýnt er fram á að hin kalda geymsla varði ekki hagsmuni annara en sveitarfélagsins og umsækjanda.

Skipulagsstjóri gerir því ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis í samræmi við framlögð gögn.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

- 15.3 1911283 - Miðskógar 7 - Breyting á deiliskipulagi Miðskóga

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Miðskóga á Álftanesi sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits til vesturs um tæpa 30 m² vegna stækkunar kjallara. Ofan á viðbyggingu er gert ráð fyrir þaksvölum.

Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Miðskóga í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 1.mgr.44.gr.sömu laga.

Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Miðskóga 5, 9, 13, 14,18 og 22 og lóðarinnar Sólbarðs við Höfðabraut.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

- 15.4 1911282 - Krókamýri 46. Umsókn um byggingarleyfi.

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingar á íbúðarhúsinu að Krókamýri 46. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir því að bygging fari 1,73 m út fyrir byggingarreit til vesturs. Byggingarreitur er skilgreindur á mælibleði dags.sept 1994.

Deiliskipulag Hofstaðamýrar telst ekki í gildi þar sem það var samþykkt áður en fyrsta aðalskipulag Garðabæjar var staðfest sbr. úrskurð úrskurðarnefndar skipulags-og byggingarmála nr.23/2010.

Skipulagsstjóri vísar umsókninni til grenndarkynningar í samræmi við 1.mgr.44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Grenndarkynna skal eigendum Krókamýrar nr.42, 44, 48, 58 og 60.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
15. fundur 2019

Fimmtudaginn 5. desember 2019 kl. 08:15 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Garðaskóla.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra og Bryndís Stefánsdóttir fulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar.

Í upphafi fundar óskaði Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólanefndar, eftir að bæta við einum dagskrárlið um niðurstöður Pisa 2018. Var það samþykkt samhljóða.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1909269 - Starfsáætlanir grunnskóla 2019 - 2020

Starfsáætlanir lagðar fram til kynningar. Ánægja með metnaðarfullar og vel unnar starfsáætlanir. Rætt um fjölda nemenda, sérfræðipjónustu og tímstundir barna í Garðabæ.

2. 1912018 - Skólastefna Garðabæjar 2020

Rætt um gerð nýrrar skólastefnu og hvernig heppilegt sé að vinna að gerð slíkrar stefnu.

3. 1912204 - Niðurstöður PISA 2018

Rætt um nýútkomnar niðurstöður PISA 2018

4. 1912019 - Kennsluráðgjafar í UT í grunnskólum Garðabæjar

Elísabet Katrín, Anna Svanhildur, Eygló og Hildur kennsluráðgjafar í upplýsingatækni grunnskólum Garðabæjar komu til fundarins og sögðu frá starfi kennsluráðgjafa og kennslu í upplýsingatækni í grunnskólum Garðabæjar. Skólanefnd skoðaði upplýsingatækniver Garðaskóla.

5. 1904184 - Frístundapjónusta við nemendur í 5. - 10. bekk

Karitas Bjarkadóttir umsjónarmaður frístundastarfs fyrir nemendur í 5. ? 10 bekk með kom til fundarins og sagði frá starfinu og ræddi um möguleika á bættri og stöðugri þjónustu við þennan hóp nemenda m.a. hvað varðar sumarstarf. Skólanefnd skoðaði aðstöðu starfseminnar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



Stjórn SSH 479. fundur

Mánudaginn 2. desember 2019, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar.

Ásgerður vék af fundi eftir 6.lið fundar.

Gestir fundarins:

Héðinn Unnsteinsson og Snædís Helgadóttir frá Capacent ráðgjöf – fundarliður 1.
Birgir Björn Sigurjónsson og Guðrún Edda Tryggvi – fundarliður 3 og 5.
Hrafnkell Proppé – fundaliðir 1-6.

1. Sóknaráætlun 2020-2024 / málsnr. 1906002

Frumdrög og hugmyndir vegna Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 lagðar fram til umræðu. Framkvæmdastjóri, ásamt ráðgjöfum frá Capacent, Héðni Unnsteinsyni og Snædís Helgadóttur fara yfir þá vinnu sem fram hefur farið og greina frá niðurstöðum vinnufunda með samráðshópi og starfsmönnum sveitarfélaganna.

Lögð er fram til kynningar fundargerð 56. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál frá 7. október 2019.

Lagður fram til staðfestingar samningur um Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 en hann var undirritaður 5.nóvember 2019. Stjórn staðfestir samninginn.

Umræður

Niðurstaða fundar:

Stjórn kom ábendingum og hugmyndum á framfæri sem tekið verður tillit til við áframhaldandi vinnu við Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins. Gert er ráð fyrir því að endanleg drög að Sóknaráætlun verði lögð fyrir stjórn í byrjun janúar 2020. Áætlunin fari síðan til umsagnar í samráðsgátt stjórnarráðsins og verði endanlega lögð fyrir á stjórnarfundum í byrjun febrúar. Framkvæmdastjóra og svæðisskipulagsstjóra falið að vinna áfram með drög áætlunarinnar í samráði við stjórn. Málið verður tekið fyrir aftur á næsta fundi stjórnar.

2. Málefni Fjölsmiðjunnar / málsnr. 1501007

Lögð er fram til umræðu og afgreiðslu tillaga að endurnýjuðum þjónustusamningi við Fjölsmiðjuna, en á stjórnarfundum 4.nóvember sl. var framkvæmdastjóra falið að vinna að endurnýjun samnings við Fjölsmiðjuna á grunni þeirra draga sem þá voru kynnt. Fyrir liggur minnisblað framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri fór yfir þjónustusamninginn.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að senda fyrirbyggjandi tillögu að nýjum þjónustusamningi til aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar. Þjónustustyrkur ársins 2020 skal vera kr. 11.000.000 - m.v. verðlag 1. janúar 2020.



3. Skilavegir – yfirfærsla vega til sveitarfélaga samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 /málsnr. 1910012

Áframhaldandi umræða um erindi Vegagerðarinnar til sveitarfélaganna er varðar skilavegi – yfirfærsla vega til sveitarfélaga samkvæmt vegalögum nr.80/2007. Málið var áður á dagskrá 4.nóvember sl. þar sem stofnuð var viðræðunefnd um málið. Lögð eru fram til kynningar tvö bréf framkvæmdastjóra til samgöngu-og sveitarstjórnarráðherra er málefnið varðar.

Gestir við umræðu þessa fundarliðar eru Birgir Björn Sigurjónsson og Guðrún Edda Finnbogadóttir sem skipa viðræðunefndina ásamt framkvæmdastjóra. Viðræður eru í gangi við Vegagerðina vegna málsins, bæði af hálfu sveitarfélaganna sjálfra og viðræðunefndarinnar. Ráðherra hefur hafnað þeirri málaleitan SSH að unnið verði að samkomulaginu fram til ársloka 2020, en skv. skilningi ríkisins skal samkomulag um skil veganna liggja fyrir í lok árs 2019 og eftir þann tíma verða umræddir vegir á ábyrgð sveitarfélaganna.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn felur viðræðunefndinni að halda áfram viðræðum við Vegagerðina vegna skilaveganna. Þá óskar stjórn eftir minnisblaði um stöðu málsins.

4. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk /málsnr. 1711002

Lagt fram minnisblað frá starfshópi um stöðu mála. Verið er að ljúka við uppfærslu á samningi, reglum og þjónustulýsingu. Samráð við hagsmunaaðila og umsagnir sveitarfélaganna mun því hefjast fljótlega. Gert er ráð fyrir að þessari vinnu ljúki í janúar á næsta ári og gert ráð fyrir að útboð á þjónustunni hefjist í byrjun febrúar 2020.

Umræður.

Niðurstaða fundar.

Minnisblað um framgangs máls lagt fram til kynningar.

5. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu – aðgerðir og verkefni framundan /málsnr. 1903002

Farið yfir eftirfylgni Samgöngusáttmálans m.a. það sem snýr að stofnun félags um framkvæmdirnar. Gestir fundarins við þannan fundarlið eru Birgir Björn Sigurjónsson og Guðrún Edda Finnbogadóttir.

Umræður.

Niðurstaða fundar.

Farið yfir efnisatriði Samgöngusáttmálans og þau atriði sem eru nú til umræðu milli sveitarfélaganna og ríkisins, sér í lagi það sem snýr að stofnun félagsins um framkvæmdirnar. Stjórn mun áfram fylgjast með framgangi mála.

6. Sameiginleg vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. /málsnr. 1505001

Lögð fram fundargerð frá fundi samráðshóps um vatnsvernd- og vatnsnýtingu en fyrir lá á þeim fundi minnisblað svæðisskipulagsstjóra ásamt drögum að samkomulagi milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um viðhald grunnvatns- og rennslislíkans á höfuðborgarsvæðinu - viðbætur vegna fjölgun rannsóknarhola við Bláfjöll. Á fundi stjórnar 7. október sl. samþykkti stjórn að vísa umfjöllun um fjölgun rannsóknarhola til samráðshóps SSH um vatnsvernd og vatnsnýtingu, þar sem gögn málsins þ.m.t. kostnaðaráætlun verkefnisins yrðu rýnd og tillaga mótuð m.a um utanumhald og umsjón verkefnisins. Tillögurnar liggja nú fyrir.



Árið 2020 verði settur upp síriti í holu núverandi vinnsluholu skíðasvæðisins BF-03 og hafinn undirbúningur vegna borunarframkvæmda með gerð útboðsgagna og gerð akstursslóða að borstöðum. Árin 2021 verði í boraðar fjórar nýjar rannsóknarholur og settir upp síritar í þær holur og snjóframleiðsluholu.

Fyrirliggur kostnaðarmat verkfræðistofunnar Mannvits við borun og uppsetningu mælistöðva sem hljóðar upp á rétt rúmar 172 milljónir. Miðað við þá kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að kostnaður árið 2020 við uppsetningu mælistöðvar í holu BF03 ásamt undirbúningi framkvæmda verði um 30 mkr. og 142 mkr. árið 2021 þegar fjórar nýjar holur verða boraðar.

Nýjar rannsóknarholur eru liður í að styrkja grunn vatnafarslíkansins sem veitufyrirtækin á höfuðborgarsvæðinu viðhalda. SSH og samráðshópur um vatnsvernd- og nýtingu, mun hafa umsjón með verkefninu. Kostnaður vegna viðbótar grunnrannsókna skiptist á milli vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður.

Niðurstaða fundar.

Stjórn gerir ekki athugasemdir við niðurstöður samráðshópsins og samþykkir að senda fyrirliggjandi tillögu að endurnýjuðum samningi milli veitnanna til veitna sveitarfélaganna til staðfestingar.

7. Aðalfundur SSH 2019 /málsnr. 1910009

Fyrir liggja ályktanir aðalfundar SSH frá 15.nóvember 2019.

- 1) Til máls tók Sigurbjörg Erla Egilsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Til þess að auka gegnsæi leggur undirrituð til að fundargerðir stjórnar SSH og eigendavettvangs ásamt fylgigögnum séu birtar opinberlega. Auk þess þarf að tryggja að fylgigögn séu birt með fundargerðum allra byggðasamlaga.“ Fundarstjóri leggur til að tillögu Sigurbjargar Erlu verði vísað til stjórnar SSH. Samþykkt samhljóða.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að fara yfir verklag á útsendingu fundargerða og gagna og upplýsa stjórn um fyrirkomulagið.

- 2) Framlag til sóknaráætlana landshlutasamtaka 2020-2024. Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu lýsir yfir furðu sinni með þá ráðstöfun ríkisins að fast framlag til sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins sé ekki það sama og hjá öðrum landshlutasamtökum. Aðalfundurinn telur eðlilegt og sanngjarnt að allir landshlutar fái sama grunnstuðning til verkefnisins, 60 millj. kr., en núverandi fjárlög gerir ráð fyrir því að það gildi um alla aðra landshluta en höfuðborgarsvæðið. Framlag til höfuðborgarsvæðisins er 25.millj kr. Samþykkt samhljóða.

Stjórn samþykkir að senda ályktunina til samgöngu-og sveitarstjórnaráðherra og til kynningar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál.

- 3) Sigurbjörg Erla Egilsdóttir bæjarfulltrúi Pírata í Kópavogi lagði fram eftirfarandi bókun frá sér og Alexöndru Briem borgarfulltrúa Pírata:

„Mikilvægt er að útfærsla sérstakrar fjármögnunar í samkomulaginu verði opnari og aðgengilegri en samningaferlið var. Mestu máli skiptir að í þeirri útfærslu verði hvorki vegið að þeim tekjulægstu í samfélaginu né að friðhelgi einkalífs.“

Stjórn samþykkir að vísa ályktuninni til áframhaldandi umræðu sem mun eiga sér stað um Samgöngusáttmálann.

- 4) Theódóra S. Þorsteinsdóttir lagði fram eftirfarandi tillögu frá bæjar- og borgarfulltrúum Viðreisnar:

„Í ljósi þeirra upplýsinga sem koma fram í rekstraráætlun Sorpu fyrir árin 2020-2024, um það fyrirkomulag sem gildir um endurvinnslustöðvar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, leggja



sveitarstjórnarfulltrúar Viðreisnar á höfuðborgarsvæðinu til að SSH verði falið að skoða hvort annað fyrirkomulag en nú er henti betur fyrir rekstur endurvinnslustöðva, m.a kosti þess að rekstur þeirra verði boðinn út“. Fundarstjóri leggur til að tillaga frá Viðreisn verði vísað til stjórnar SSH. Samþykkt. Einn greiðir atkvæði gegn tillögunni.

Stjórn samþykkir að senda tillöguna til umsagnar hjá stjórn Sorpu bs.

8. Stjórnsýsla byggðasamlaga /málsnr. 1912001

Í starfsáætlun 2020 er fjallað um verkefnið, Stjórnsýslu byggðasamlaga“ en þar segir: *Að hefja umræðu og stofna til verkefnis um stjórnsýslulega stöðu byggðasamlaganna. Utanaðkomandi ráðgjafi verði fengin til að vinna tillögugerð í samráði við sveitarfélögin er varðar framtíðar stjórnskipulag byggðasamlaganna. Þá verði farið yfir þá vinnu sem þegar hefur verið unnin á þessum vettvangi, endurskoðun á samþykktum og eigendastefnu byggðasamlaganna með skilvirkni og hagræði að leiðarljósi.*

Umræður.

Tekin umræða um hvernig halda skuli á málum er varðar endurskoðun á stjórnsýslu byggðasamlaga.

Niðurstaða fundar.

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að leggja fyrir stjórn samantekt yfir þá vinnu sem unnin hefur verið á undanförunum árum tengda stjórnsýslu byggðasamlaganna og tillögur að uppsetningu og formi verkefnisins.

9. Nýtt starf hjá SSH. /málsnr. 1912002

Samþykkt hefur verið í starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2020 að fjölga í starfsliði samtakanna. Í starfsáætlun 2020 segir m.a. : „*Þannig er verið að styrkja vinnu og móta leiðir til að ná betur fram markmiðum samtakanna. Með þessari ráðstöfun verði til markvissari verkefnastjórnun, betri stefnumótun í þeim málaflokkum sem sveitarfélögin vinna sameiginlega að, ásamt aukinni greiningarvinnu og frumkvæði er varða hagsmunamál SSH“.*

Framkvæmdastjóri kynnir drög að auglýsingu fyrir starfið.

Skv. 8. gr samþykkt SSH ræður framkvæmdastjóri annað starfslið SSH með samþykki stjórnar SSH.

Umræður.

Niðurstaða fundar.

Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að hefja ráðningarferlið, auglýsa starfið og ráða nýjan starfsmann til starfa fyrir samtökin.

10. Tilnefning í Vinnumarkaðsráð Höfuðborgarsvæðisins – endurskipun 2019-2023. /málsnr. 1912003.

Bréf frá félagsmálaráðuneytinu frá 28.október þar sem óskað er eftir tilnefningu tveggja fulltrúa í Vinnumarkaðsráð Höfuðborgarsvæðisins.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Erindið er lagt fram, en skipað verður í Vinnumarkaðsráðið á næsta fundi stjórnar.

11. Fundargerð stjórnar Sorpu bs. – fundur 415

Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 1.nóvember 2019 lögð fram til kynningar.



12. Fundargerð SASS – 550 fundur.

Fundargerð SASS frá 23.10.2019 lögð fram til kynningar.

13. Fundargerð SSNV – 49 fundur og fundargerð haustþings.

Fundargerðir SSNV frá 5.nóvember 2019 lögð fram til kynningar.

14. Fundaáætlun stjórnar SSH 2020. /málsnr. 1912004

6.janúar	2020
3.febrúar	2020
2.mars	2020
6.apríl	2020
4.maí	2020
8.júní	2020
6.júlí	2020
10.ágúst	2020
7.september	2020
5.október	2020
2.nóvember	2020
7.desember	2020

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fundaáætlun stjórnar fyrir árið 2020.

15. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi lauk kl: 14:30.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

416. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 06.12.2019, kl.10:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Bjarki Bjarnason, Líf Magneudóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Kolbrún Þorsteinsdóttir boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins undir lið 3 voru Sævar Kristinsson og Sveinbjörn Grímsson frá KPMG.

Tekið fyrir:

1. Níu mánaða uppgjör 2019

Framkvæmdastjóri kynnir óendurskoðað uppgjör fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2019. Niðurstaða rekstrar er rúmlega 119 milljónir en verulegur samdráttur hefur orðið í tekjum. Jafnframt kynntur samanburður rekstrar og áætlunar.

2. Stefna ÍAV

Lögð fram stefna ÍAV vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar. Framkvæmdastjóra falið að vinna framhaldið með Erlendi Gíslasyni lögmanni hjá LOGOS og embætti borgarlögmanns.

3. Stefnumótun stjórnar

Kynt lokadrög að stefnumótun stjórnar. Málið rætt. Áður en stjórn samþykkir stefnuna felur hún formanni og framkvæmdastjóra að kynna drögin fyrir sveitarfélögunum.

4. Svarbréf Garðabæjar vegna óska um lóð fyrir endurvinnslustöð

Lagt fram svar bæjarráðs Garðabæjar vegna mögulegrar staðsetningar endurvinnslustöðvar á lóð við Hafnarfjarðarveg á bæjarmörkum Garðabæjar og Kópavogs en erindi SORPU var sent 3. júní sl. Niðurstaða bæjarráðs Garðabæjar er að ekki þykja skipulagslegar forsendur fyrir staðsetningu endurvinnslustöðvar á þeim stað. Málið rætt.

5. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar - framvinduskýrsla

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir framvinduskýrslu vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar. Búið er að steypa 98% af áætluðu steypumagni (8.900 m³) og telst verkið í heild vera 89% lokið. Verktaki hefur óskað framlengingar á verktíma til 15.

[Handwritten signatures and notes at the bottom of the page]

mars 2020. SORPA hefur samþykkt þessa ósk enda hefur hún ekki áhrif á kostnað SORPU vegna verksins.

6. Stækkun móttökustöðvar í Gufunesi – framvinduskýrsla

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir framvinduskýrslu vegna stækkunar móttökustöðvar í Gufunesi. Búið er að steypa 93% af áætluðu steypumagni og telst verkið í heild vera 75% búið. Verktaki áformar að skila verkinu á tilsettum tíma í febrúar 2020.

7. Úthlutun styrkja úr Góða hirðinum

Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöður úthlutunarnefndar vegna jólaúthlutunar Góða hirðisins. Alls sóttu 36 aðilar um styrki að upphæð kr. 47.750.000,- en til úthlutunar eru kr. 18.500.000,- sem renna til 22 aðila.

Birkir Jón Jónsson fer af fundinum kl. 12:12.

8. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í Reykjavík

Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara fyrirspurninni að því sem snýr að SORPU.

9. Breyting á gjaldskrá

Framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri kynna breytingar á almennri gjaldskrá vegna visitölbreytinga. Almenn gjaldskrá hækkar um 2,32% þann 1. janúar 2020. Stjórn samþykkir jafnframt að gjaldskrá endurvinnslustöðva breytist þannig að gjald fyrir gjaldskyldan úrgang verður 6.500,- kr/rúmmeter og fyrir úrgang til urðunar 8.500 kr./rúmmeter frá sama tíma að telja.

Jóna Sæmundsdóttir fer af fundi kl. 12:30

10. Fundur samráðsnefndar sorpsamlaganna á Suðvesturlandi

Lögð fram drög að fundargerð samráðsnefndar sorpsamlaganna frá 25. nóvember sl.

Stjórn skipar Bjarna Torfa Álfþórsson í staðinn fyrir Ágúst Bjarna Garðarsson.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 10. janúar

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 12:45

[Handwritten signatures and notes]

Ágúst Bjarna Garðarsson
Bjarni Bjarni
Bj. Torfa
Bj. H.
Gudrun Eiríksdóttir

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Garðabæ há dagforeldrum

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum. Ekki er greitt fyrir júlí. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni. Skilyrði fyrir greiðslu er:

1. Að hlutaðeigandi barn hafi náð 9 mánaða aldri og eigi lögheimili í Garðabæ.
2. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
3. Að barn sé slysatryggt.
4. Að fyrir liggi þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldra og dagvistarfulltrúa Garðabæjar.

Ef að foreldrar eiga ekki rétt á fullu fæðingarorlofi geta þeir sótt um greiðslu þegar barn nær 6 mánaða aldri.

A Mánaðarleg greiðsla skal miða við dvalartíma barns að hámarki með eftirfarandi hætti.

Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ:		Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi:
Fyrir 4 stunda vistun	kr. <u>38.44639.407</u>	kr. <u>62.12063.676</u>
Fyrir 5 stunda vistun	kr. <u>48.03849.239</u>	kr. <u>75.71877.954</u>
Fyrir 6 stunda vistun	kr. <u>57.36558.799</u>	kr. <u>89.01191.240</u>
Fyrir 7 stunda vistun	kr. <u>67.81569.510</u>	kr. <u>103.448106.037</u>
Fyrir 8 stunda vistun	kr. <u>76.89778.819</u>	kr. <u>116.515119.432</u>

Ef um hálftrar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 4.8054.925 fyrir hverja hálfu stund.

B Niðurgreiðsla til einstæðra foreldra og foreldra sem eru í fullu námi.

Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ:		Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi:
Fyrir 4 stunda vistun	kr. <u>45.96747.116</u>	kr. <u>63.26464.847</u>
Fyrir 5 stunda vistun	kr. <u>57.46158.898</u>	kr. <u>77.14979.081</u>
Fyrir 6 stunda vistun	kr. <u>68.80770.527</u>	kr. <u>90.88793.162</u>
Fyrir 7 stunda vistun	kr. <u>80.44982.460</u>	kr. <u>104.921107.546</u>
Fyrir 8 stunda vistun	kr. <u>91.94094.239</u>	kr. <u>118.803121.777</u>

Ef um hálftrar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 5.7455.888 fyrir hverja hálfu stund.

Leggja skal fram fjölskylduvottorð í tilviki einstæðra foreldra og námsvottorð skóla í tilviki námsmanna.

Greiðslufjárhæð til einstæðra foreldra og námsmanna er háð tímabundnu ákvæði í Gjaldskrá leikskóla um hækkun á afslætti einstæðra foreldra og námsmanna úr 30% í 40% og gildir til ársloka 20192020.

Foreldrar, sem hafa tvö eða fleiri börn í leikskólavist, fá 50% afslátt af grunn gjaldi fyrir hvert barn umfram eitt. Það á þó ekki við um foreldra sem njóta sérstakrar niðurgreiðslu samkvæmt B – lið.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 202019 og falla þá jafnframt úr gildi eldri reglur samþykktar í bæjarstjórn 20. júní 201718. desember 2018.

*Samþykkt í bæjarráði Garðabæjar
18.19. desember 20182019*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*